

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 1. febrúar 2022
Mál nr. 2105498

Efni: Hnoðraholt norður, deiliskipulagsbreytingar. Óskað eftir umsögnum.

Þann 2. desember 2021 samþykkti bærarstjórn Garðabæjar tillögu skipulagsnefndar að auglýsa skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. sömu laga, annars vegar breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna íbúðarhúsalóða við Þorraholt og hins vegar breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna búsetukjarna og leikskólalóðar. Fallið er frá gerð lýsingar og forkynningar samkvæmt heimild í 2. ml. 1. mgr. 43. gr. og 3. ml. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Óskað er eftir umsögn Kópavogs skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga, umsögn skal berast á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Deiliskipulagsbreytingarnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri Garðabæjar.

- **Norðurhluti Hnoðrahólts, Þorraholt íbúðarhúsalóðir.**

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreitum sem hafa það að markmiði að bæta búsetugæði íbúðanna. Byggingarmagn breytist ekki en fjöldi íbúða getur orðið á bilinu 180-220 í stað 200 áður.


<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/thorraholt.-deiliskipulag-hnodraholts-nordur>

- **Norðurhluti Hnoðrahólts, leikskólalóð og búsetukjarni.**

Tillagan gerir ráð fyrir stækkun skipulagssvæðis til suðurs austan Vetrarbrautar á háholti Hnoðrahólts. Gert er ráð fyrir 7.292 m² lóð fyrir leikskóla sem nefnist Haustbraut 1 og 3.143 m² íbúðarlóð ætlaðri búsetukjarna fyrir fatlaða nefnd Haustbraut 2.

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/hnodraholt-nordur-leikskoli-og-busetukjarni>

Virðingarfyllst,



Sólveig Helga Jóhannsdóttir
skipulagsfræðingur